

Ár 2015, fimmtudaginn 5. nóvember kl. 8 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Þórhallur Einisson í forföllum Eyþórs H. Ólafssonar og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

**1.1. Nefndasviði Alþingi – Umhverfis- og samgöngunefnd frá 16. október 2015.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum (grenndarkynning), 225. mál.

Lagt fram til kynningar.

**1.2. Innanríkisráðuneytinu frá 9. október 2015.**

Í bréfinu er tilkynnt að bæjarstjóri Hveragerðis hefur verið skipaður í verkefnastjórn á vegum Innanríkisráðuneytis sem hefur það hlutverk að koma með tillögur um áframhaldandi styrkingu sveitarstjórnarstigsins.

Lagt fram til kynningar.

**1.3. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 28. október 2015.**

Í bréfinu er kynnt afgreiðsla á áætluðum framlögum til sveitarfélaga vegna nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2016. Áætlað er að Hveragerðisbær fái kr 2.730.000.- í framlög.

Lagt fram til kynningar.

**1.4. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 28. október 2015.**

Í bréfinu er kynnt afgreiðsla á áætluðum framlögum til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum á fjárhagsárinu 2016. Áætlað er að Hveragerðisbær fái kr 4.700.000.- í framlag.

Lagt fram til kynningar.

**1.5. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 9. október 2015.**

Í bréfinu óskar eftirlitsnefndin eftir skýringum vegna mismunar á rekstrarkostnaði í ársreikningi 2014 og áætlun ársins.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

1.6. **Umhverfisstofnun frá 14. október 2015.**

Í bréfinu er boðað til ársfundar Umhverfisstofnunar og náttúrverndarnefnda sveitarfélaga sem haldin verður í Reykjavík 12. nóvember nk.

Lagt fram til kynningar.

1.7. **Jafnréttisstofu frá 12. október 2015.**

Í bréfinu óskar Jafnréttisstofa eftir að fá jafnréttisáætlun sveitarfélagsins ásamt framkvæmdaáætlun.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

1.8. **Stígamótum frá 7. október 2015.**

Í bréfinu óskar Stígamót eftir fjárstuðningi frá Hveragerðisbæ árið 2016.

Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

1.9. **Deigi leikskólans og Orðsporsins 2016 frá 27. október 2015.**

Í bréfinu er rætt um dag leikskólans sem haldinn verður þann 5. febrúar 2016. Þann dag mun samstarfshópur um dag leikskólans halda samkeppni um tónlistarmyndband og veita hvatninga-verðlaunin Orðsporið.

Lagt fram til kynningar.

1.10. **Sigurbirni Viktorssyni og Vikorti Sveinssyni frá 29. október 2015.**

Í bréfinu óska bréfritarar eftir að fá lóðina Austurmörk 6, 8 og 10 til umráða undir safn um íslenska hestinn.

Á fundi bæjarráðs þann 14. október samþykkti bæjarráð að þar sem áform um að byggja björgunarmiðstöð á lóðinni væru ekki lengur fyrir hendi þá yrði lóðin auglýst laus til umsóknar fyrir miðbæjarstarfsemi af ýmsu tagi.

Lóðin hefur enn ekki verið auglýst laus til umsóknar og því samþykkir bæjarráð að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar og lóðin verði í millitíðinni auglýst laus til umsóknar.

1.11. **Listvinafélaginu í Hveragerði frá 14. október 2015.**

Í bréfinu er rætt um áform um að koma upp úti sýningu um listamenn í Hveragerði. Áætlað er að opna sýninguna á afmæli Hveragerðisbæjar næsta ár.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að boða til fundar bæjarfulltrúa og fulltrúa Listvinafélagsins í næstu viku þar sem áform félagsins verða rædd.

**1.12. Kristínu Ósk Sigurbjörnsdóttur frá 29. október 2015.**

Í bréfinu er fyrirspurn til bæjarstjórnar um hvort foreldrar geti fengið til sín þá fjárhæð sem er greidd til dagforeldra vegna barna undir 18 mánaða aldri þar sem skortur er á dagforeldrum í Hveragerði.

Bæjarráð telur ekki grundvöll fyrir greiðslu slíkra styrkja til foreldra ungra barna þar sem nú virðist sem nægir dagforeldrar verði starfandi í bæjarfélaginu næstu misserin.

**1.13. Sólborgu Ósk Kragh frá 16. október 2015.**

Í bréfinu er rætt um hraðakstur á Laufskógum og spurning hvort hægt sé að bregðast við því með þrengingum í götunni.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til skipulags- og mannvirkjanefndar sem sinnir umferðarmálum og forvörnum á sviði umferðarmála.

**2. Tæknileg málefni:****2.1. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa - Tívolíreitur „Í14“ – Gildandi skipulagsáætlanir.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 19. október 2015 vegna Tívolíreits „Í14“ – gildandi skipulagsáætlanir.

Bæjarráð tekur undir sjónarmið skipulags- og byggingarfulltrúa að ákvæði um landnotkun á reit Í14 í gildandi aðalskipulagi eru óskýr og ekki í samræmi við vilja núverandi bæjarstjórnar um landnotkun reitsins. Því samþykkir bæjarráð að þegar í stað verði hafist handa við gerð breytingartillögu við gildandi aðalskipulag þar sem gert verði ráð fyrir verslunar og þjónustustarfsemi. Jafnframt hefjist samhliða vinna við deiliskipulag lóðanna. Öðrum hugmyndum sem fram koma í minnisblaðinu um notkun annarra reita fyrir íbúðabyggð er vísað til endurskoðunar aðalskipulags sem nú stendur yfir.

**2.2. Opnun tilboða í verkið „Lyfta í Sundlaugarhúsið í Laugaskarði“**

Tilboð voru opnuð í verkið „Lyfta í Sundlaugarhúsið í Laugaskarði“ 2. nóvember. 1 tilboð barst í verkið.

Bjóðendur	Tilboðsfjárhæð
Vörðufell ehf, Selfossi	14.871.878.-
Kostnaðaráætlun Arkibúllan ehf	7.890.419.-

Bæjarráð samþykkir að hafna tilboðinu og felur skipulags og byggingarfulltrúa að tilkynna bjóðenda um þá ákvörðun.

**3. Fjárhagsleg málefni:**

**3.1. Framlenging á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands.**

Markaðsstofa Suðurlands óskar eftir áframhaldandi samstarfssamningi við Hveragerðisbæ. Framlag Hveragerðisbæjar hefur verið 358 kr á hvern íbúa en markaðsstofan óskar eftir að framlagið verði 430 kr á hvern íbúa.

Bæjarráð samþykkir að gera samstarfssamning við Markaðsstofu Suðurlands um sömu upphæð og á árinu 2015.

**3.2. Umsókn um styrk frá Bókabæjum austanfjalls.**

Bókabæirnir austanfjalls óska eftir styrk frá Hveragerðisbæ árið 2016 að upphæð kr. 461.606.-

Bæjarráð samþykkir styrkinn.

**3.3. Deloitte – Ráðningarbréf um endurskoðun.**

Lagt fram ráðningarbréf um endurskoðun ársreiknings Hveragerðisbæjar fyrir árin 2015-2019 við Deloitte ehf.

Bæjarráð samþykkir ráðningarbréfið.

**3.4. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun – Velferðasvið Hveragerðisbæjar.**

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá Velferðasviði Hveragerðisbæjar um eftirfarandi:

Liður 02-02 Laun félagsráðgjafa hækki um 630.000.-

Liður 02-11 Fjárhagsaðstoð hækki um 1.900.000.-

Liður 02-36 Barnavernd hækki um 1.500.000.-

Alls er því tillaga um hækkun að fjárhæð 4.030.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann og verði hækkuninni mætt með hækkuðum útsvarstekjum.

**4. Fundagerðir til kynningar:**

**4.1. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 28. október 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:43

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Þórhallur Einisson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)